

Fylgiskjal vegna *Matsblaðs tengiliða farsældar* skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Sjá nánar: [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#) og reglugerð um tengiliði og málstjóra
<https://island.is/reglugerdir/nr/1180-2022>

Hér að neðan eru leiðbeiningar til tengiliðar farsældar við söfnun upplýsinga fyrir mat á þjónustupörf barns og fjölskyldu. Markmiðið er að ná heildarsýn yfir mál barnsins og fjölskylduna til að ákveða næstu skref. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi útfyllingu *Matsblaðs tengiliða farsældar* eða annað við kortlagningu málsins hvetjum við ykkur til að hafa samband við Farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu í tölvupósti farsaeld@bofs.is eða í síma 530-2600.

Staðfest frávik hjá barni

Hér væri gagnlegt fyrir tengilið að fá nánari upplýsingar um eftirfarandi:

- Hvaða frávik, fötlunin eða sjúkdómarnir eru til staðar hjá barninu?
- Hvar fór greining fram og hvenær?
- Er barnið í eftirfylgd fagaðila í kjölfar greiningar?

Upplýsingar um stöðu barns/fjölskyldu

Lýsing á stöðu barns og fjölskyldu:

- Kortlagning á styrkleikum og áskorunum. Hafa ber í huga verndandi þætti út frá grunnstoðum farsældar: heilbrigði og líðan, lífsgæði og félagsleg staða, þátttaka og félagsleg tengsl, öryggi og vernd, menntun.

Eftirfarandi eru spurningar yfir atriði sem gagnlegt er að fá upplýsingar um þegar kortleggja á stöðu barns og fjölskyldu. Taka ber fram að listinn er ekki tæmandi. Mikilvægt er að hafa í huga að hluti af kortlagningunni er að fara yfir styrkleika barnsins og fjölskyldunnar. Því er gott að hefja yfirferðina á því að spyrja beint út í slíka þætti.

- Heilsa:
 - Andleg heilsa: er barnið að glíma við vanlíðan, kvíða og/eða hefur það lent í áföllum sem hamlar því í daglegu lífi og/eða við daglega iðju?
 - Líkamleg heilsa: er barnið að glíma við líkamlega kvilla sem hamlar því í daglegu lífi og/eða við daglega iðju?
- Hegðun:
 - Hvernig gengur barninu að stýra hegðun sinni?
 - Lendir barnið í vandræðum vegna hegðunar sinnar eða á barnið sögu um áhættusækna hegðun?
- Fjölskylda:
 - Hvernig eru tengsl barnsins við fjölskyldumeðlimi og samskipti innan fjölskyldunnar?
 - Er barnið hluti af samsettri fjölskyldu? Ef svo er hvernig ganga samskipti milli foreldra og barns við ólík heimili?
 - Eru erfileikar hjá foreldrum eða systkinum (t.d. veikindi, álag, fjárhagsvandi, fíknivandi)?
 - Hvernig upplifa foreldrar færni sína í uppeldishlutverkinu?
 - Hvernig eru rútnur og reglur heimilisins, t.d. í kringum svefn, næringu, hreyfingu, heimalærdóm og skjátíma?
 - Hvernig er stuðningsnet í kringum fjölskylduna, t.d. stuðningur frá ömmum, öfum, frændfólki og/eða vinum?
- Vinatengsl:
 - Hvernig gengur barninu að mynda og viðhalda vinatengslum?
 - Á barnið vin/vini? Hvernig ganga samskipti barnsins við vinina?
 - Hvernig er félagsleg virkni barnsins utan skipulagðrar dagskrár? Hefur barnið frumkvæði af samskiptum við vini?
- Menntun:
 - Hvernig er námsleg staða barnsins?
 - Hefur barnið eða er það í þörf fyrir stuðning í námi, við hegðun í skólanum eða félagasamskipti?
 - Hvernig er skólasókn barnsins?
- Íþrótt-, lista- og tómsundastarf
 - Er barnið í skipulögðum íþróttum, listum eða tómsundastarfi?
 - Ef barnið er ekki í skipulögðum íþróttum, listum eða tómsundastarfi hver er þá ástæðan?

Hvaða þjónustukerfi koma að eða þurfa að koma að þjónustu við barnið og/eða fjölskylduna?

Til að auðvelda tengilið og foreldrum/barni að ná utan um þörf barnsins fyrir þjónustu er gagnlegt að velta fyrir sér þjónustukerfunum sem koma að þjónustu við barnið (*sjá mynd á matsblaði*).

Með þessu er átt við þjónustukerfi sem nú þegar eru að þjónusta barnið og/eða fjölskylduna og kerfi sem mögulega ættu að koma að þjónustunni. Það er gagnlegt fyrir tengilið og foreldra að fylla inn í myndina hvaða þjónustukerfi þetta eru til að fá heildarsýn á mál barnsins og fjölskyldunnar. Mikilvægt er að taka fram að fjöldi aðila við borðið er einstaklingsbundið það geta því verið fleiri eða færri þjónustukerfi sem koma að málum heldur en myndin sýnir (þ.e. 5 hringir).

Þjónustukerfi sem gætu komið að þjónustu við börn og fjölskyldur.

- **Þjónustuveitendur á vegum ríkis og sveitarfélaga:**
 - heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, tónlistaskólar, framhaldsskólar, félagsþjónusta, skólaþjónusta, barnavernd og lögregla.
- **Þeir sem veita almenna þjónustu en eru ekki á vegum ríkis og sveitarfélaga:**
 - sjálfstætt starfandi sérfræðingar, íþrótt-, lista og æskulýðsstarf, annað tómskundastarf, sjálfstætt starfandi tónlistaskólar og frjáls félagasamtök.
- *Hafa ber í huga að það er ekki eitt að hlutverkum tengiliðar að setja saman stuðningsteymi, gera stuðningsáætlun og stýra teymisvinnu hvorki á fyrsta, öðru eða þriðja þjónustustigi. Ef metið er svo að nauðsynlegt sé að setja saman stuðningsteymi ætti tengiliður að spegla málið við málstjóra farsældar og meta hvort þörf er á að færa málið yfir til hans. Ef það er niðurstaðan þá tekur málstjóri farsældar við, setur saman stuðningsteymi, gerir stuðningsáætlun og stýrir vinnu stuðningsteymis.*

Væntingar

Gott að velta upp með foreldrum og/eða barni eftirfarandi spurningum:

- Hverjar eru væntingar foreldra og eftir atvikum barns til aðkomu tengiliðar farsældar?
- Hver er óskastaða foreldra og eftir atvikum barns?
- Hvað eru raunhæfar væntingar?

Áætlun um næstu skref tengiliðar og forsjáraðila/barns

Ef sameiginleg niðurstaða tengiliðar og foreldra/barns er að samþætting þjónustu sé í þágu farsældar barns og foreldrar og/eða barn hafa skrifað undir "Beiðni um samþættingu þjónustu" er mikilvægt að ákveða næstu skref.

- Fara þarf yfir með foreldrum og eftir atvikum barni hvaða úrræði á 1. þjónustustigi gætu gagnast þeim og hvernig skuli nálagst þjónustuna. Gagnlegt er að fylla út í þar til gerða töflu (*sjá matsblað*) hvaða aðila á að hafa samband við og hvort tengiliður eða foreldrar/barn hafi samband.

Breyttar aðstæður barns

Í farsældarlögum er lögð áhersla á að tryggja samfellu í þjónustu við börn.

- Ef aðstæður barns breytast ber fyrri tengilið að sjá til þess að nýr tengiliður fái nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður barnsins til að geta gegnt hlutverki sínu.
 - *Dæmi um þetta er þegar barn flytur í annað sveitarfélag, fer í annan skóla eða færast á milli skólastiga.*
- Þegar nýr tengiliður hefur tekið við hefur fyrri tengiliður ekki lengur heimild til að vinna upplýsingar um barnið.

Beiðni um samþættingu þjónustu afturkölluð

Hafa ber í huga að samþætting þjónustu er boð um þjónustu. Foreldrum er frjálst að þiggja þjónustuna en ef þeir kjósa hana ekki eiga þeir rétt á úrræðum, eini munurinn er að þjónustan verður þá ekki samþætt.

- Foreldrar og eftir atvikum barn geta á hvaða tíma sem er afturkallað beiðni sína um samþættingu þjónustu án frekari útskýringa. Þetta geta foreldrar/barn gert munnlega eða í gegnum tölvupóst. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku eyðublaði fyrir afturköllun á samþættingu þjónustu.